

Viðhorf kennara í leikskólum Akureyrar til skólastarfs 2007– 2008

Guðmundur Engilbertsson
Trausti Þorsteinsson



Akureyri
Ágúst 2009

Viðhorf kennara og leiðbeinenda í leikskólum á
Akureyri til skólastarfs skólaárið 2008–2009

Efnisyfirlit

1. Inngangur	6
2. Aðdragandi könnunar og framkvæmd.....	7
3. Niðurstöður.....	8
3.1 Skólinn sem vinnustaður	8
3.2 Aðbúnaður barna og aðstæður.....	9
3.3 Stjórnun og þátttaka kennara.....	10
3.4 Stefna varðandi aga og gætni í meðferð trúnaðarupplýsinga.....	10
3.5 Endurmenntun kennara	11
3.6 Innri stuðningur og sjálfsmat skóla	11
3.7 Utanaðkomandi þjónusta.....	12
3.8 Skólastefna sveitarfélags	13
3.9 Tengsl við foreldra	13
3.10 Einelti hjá kennurum	14
3.11 Hrósi í starfi.....	14
3.12 Líðan í starfi	15
3.13 Athugasemdir svarenda	15
4. Samantekt og umræða	17
5. Lokaorð	20

Töflur

Tafla 1. Skólinn sem vinnustaður kennara.	8
Tafla 2. Starf og stefna.	9
Tafla 3. Viðhorf kennara til aðstæðna barna í skóla.	9
Tafla 4. Stjórnun og þátttaka kennara.	10
Tafla 5. Viðhorf kennara til aga og gætni í meðferð trúnaðarupplýsinga.	11
Tafla 6. Endur- og símenntun kennara.	11
Tafla 7. Ráðgjöf og sjálfsmat.	11
Tafla 8. Utanaðkomandi þjónusta.	12
Tafla 9. Viðhorf til þjónustu skóladeildar fjölskyldudeildar og skólaþróunarsviðs HA.	12
Tafla 10. Skólastefna sveitarfélagsins.	13
Tafla 11. Tengsl við foreldra.	13
Tafla 12. Einelti hjá kennurum.	14
Tafla 13. Hrós í starfi.	14
Tafla 14. Líðan í starfi.	15

Meginniðurstöður

- Almennt virðast kennarar hafa mjög jákvæða afstöðu til flestra þátta sem spurt er um í könnuninni. Svarhlutfall er mjög gott.
- Kennarar eru sammála um að leikskólar Akureyrarbæjar séu framsæknir vinnustaðir þar sem samstarf milli samstarfsmanna og stjórnenda er gott, þar sem góður starfsandi er og það ríkir traust milli samstarfsmanna.
- Kennarar eru sammála því að starfsvið þeirra sé skýrt, vel afmarkað, markmið þess ljós og að upplýsingar um starf kennara og stefnu skóla sé.
- Kennarar telja að aðstæður nemenda til náms og starfs í skólunum séu mjög góðar, viðhorf nemenda til skólans sé jákvætt og líðan þeirra í skólunum sé góð enda að þeirra mati áhersla lögð á jákvæð samskipti nemenda og kennara.
- Að mati kennara axla þeir sameiginlega ábyrgð gagnvart öllum börnum leikskólans og telja að þeir séu hafðir í forgrunni við allar ákvarðanir skólans. Þeir telja sig þekkja vel einstaklingsbundnar þarfir barna í sinni umsjón eða kenngslu.
- Stór hluti kennara (85%) telur að kennarar séu virkir þátttakendur í að móta starf og stefnu skólanna. Þá telur hátt hlutfall kennara (tæp 92%) að stjórnendur veiti starfinu markvissa forystu.
- Um tveir þriðju kennara segjast fá næg tækifæri til endur- og símenntunar en um þriðjungur ekki.
- Tæp 90% kennara eru sammála því að þeir eigi kost á ráðgjöf og stuðningi innan skólans þegar á þarf að halda. Þá eru rúm 80% sammála því að utanaðkomandi sérfræðiþjónusta (Skóladeild og Skólaþróunarsvið HA) sem þeim stendur til boða bregðist fljótt við óskum og ráðgjöf.
- Skiptar skoðanir eru á því hvort þörf sé meira frumkvæðis frá Skóladeild og ráðgjafarþjónustu skólanna að nýbreytni og umbótum en rúm 60% er á því að aukið frumkvæði sé til bóta en tæp 30% eru því ósammála.
- Rúm 90% kennara eru sammála því að samskipti við Skóladeild séu góð.
- Um þrjár fjórðu kennara er ánægður með þjónustu Skólateymis Fjölskyldudeildar og Skólaþróunarsviðs. Þetta er sá liður í könnun þar sem svarhlutfall er lægst – innan við 5% kennara lýsir óánægju sinni með þjónustuna en um 20% svara ekki.
- Tæp 90% kennara er sammála því að sveitarfélagið leggi metnað í að byggja góðan leikskóla. Þá eru rúm 90% kennara sammála því að skólastefna Akureyrarbæjar sé höfð að leiðarljósi við skipulag skólastarfs.
- Ríflega 80% kennara eru sammála því að foreldrar sýni samstarfi við skólann áhuga. Allir kennarar sem afstöðu tóku voru sammála því að samstarf við foreldra væri ánægjulegt. Um 80% kennara vildu sjá meiri þátttöku foreldra í skólastarfinu og tveir þriðju kennara eru sammála því að aukin þátttaka foreldra í skólastarfinu myndi hraða umbótum í leikskólum.
- Einelti innan skóla meðal kennara er lítið samkvæmt könnun en þess verður þó vart. Tæp 5% segjast hafa orðið fyrir einelti af hálfu stjórnenda og rétt um prósent segjast hafa orðið fyrir einelti af hálfu stjórnanda eða foreldri.
- Kennarar fá hrós í starfi þegar þeim finnst þeir eiga það skilið, helst frá samstarfsmönnum og stjórnendum (þrjár af hverjum fjórum) en minna frá foreldrum (tveir af hverjum þremur).

- Um helmingur kennara hefur fundið til vanmáttar í starfi og tæp 30% segjast hafa hugleitt að skipta um starf.
- Meginþorri kennara (tæp 85%) finnst þeir hafi komið mörgu mikilvægu til leiðar í starfi.

1. Inngangur

Í skólastefnu Akureyrarbæjar eru þau markmið sett að í skólum bæjarins ríki virðing, umhyggjusemi, vellíðan og gleði og að skólarnir séu eftirsóttir vinnustaðir fyrir starfsfólk sem hefur gæði skólastarfs að leiðarljósi. Þessi markmið geta ráðið miklu um árangur í starfi og því er mikilvægt að leita staðfestingar á hvort sett markmið náist. Það er m.a. gert með reglulegum úttektum á viðhorfum starfsmanna, nemenda og foreldra til skólastarfsins.

Könnun á viðhorfi kennara í leikskólum á Akureyri árið 2008 var framkvæmd í samvinnu Skóladeildar Akureyrarbæjar og Skólaþróunarsviðs Háskólans á Akureyri. Megintilgangur könnunarinnar er að fá fram viðhorf kennara og leiðbeinenda í leikskólum bæjarfélagsins til starfs og starfsaðstæðna í leiksskólunum í því skyni að vinna að og hvetja til þróunar og umbóta í starfi skólanna. Þetta er í þriðja skiptið sem slík könnun er gerð í samvinnu þessara aðila. Í skýrslu þessari eru kynntar meginniðurstöður könnunarinnar en þær ekki greindar niður á einstaka skóla. Niðurstöður úr svörum kennara einstakra skóla eru þó aðgengilegar fyrir skólana eftir því sem þeir óska.

Spurningalistar voru lagðir fyrir kennara í lok skólaárs 2007–2008 og annaðist skóladeild fyrirlögnina. Að þessu sinni var spurningalisti vefrænn og fékk hver kennari aðgangsnúmer til að svara honum. Í bæjarfélaginu starfa 12 grunnskólar og var óskað eftir því við alla kennara og leiðbeinendur skólanna að svara listanum.

Í skýrslu þessari eru kynntar megin niðurstöður úr könnuninni. Vonast er til að þær geti orðið gagnlegar í þróunar- og umbótastarfi skólamála í bæjarfélaginu.

2. Aðdragandi könnunar og framkvæmd

Í samræmi við áherslur sem settar eru fram í skólastefnu Akureyrar hefur skólanefnd Akureyrarbæjar haft frumkvæði að gerð viðhorfskannana í leik- og grunnskólum bæjarfélagsins. Viðhorfskönnun hjá starfsfólki í leikskólum á Akureyri var gerð skólaárið 2003 og viðhorfskönnun var gerð hjá kennurum og leiðbeinendum í leikskólum á Akureyri skólaárið 2005–2006 og nú aftur skólaárið 2007–2008. Þó kannanirnar hafi tekið breytingum hverju sinni hafa þær þó að meginhluta verið hliðstæðar svo unnt sé að greina viðhorfsbreytingar.

Markmið könnunarinnar er að fá fram viðhorf starfsfólks leikskóla til náms og starfs í leikskólum bæjarins. Eftirfarandi spurning var lögð til grundvallar: *Hvaða viðhorf hafa kennarar og leiðbeinendur til náms- og starfsaðstæðna í leikskólum bæjarins?*

Könnunin er meginleg og byggir á spurningalista eins og áður. Spurningalistinn var að stærstum hluta byggður á fullyrðingaspurningum sem svarendur voru beðnir um að taka afstöðu til með því að tilgreina á fjögurra stiga kvarða hversu sammála þeir væru fullyrðingunum, mjög eða frekar sammála eða frekar eða mjög ósammála. Auk þess voru spurningar þar sem svarendur voru beðnir um að svara játandi eða neitandi. Í lok listans var svarendum síðan boðið að skrifa upplýsingar sem hann vildi koma á framfæri við rannsakanda.

Til að auðvelda framkvæmd og úrvinnslu var könnunin gerð rafræn. Spurningalistinn var settur upp í vefforritinu *SurveyMonkey* og kennarar beðnir um að svara listanum í tölvu. Hver skóli sá um framkvæmd könnunarinnar á sínum vettvangi en skóladeild annaðist samantekt svara af vefnum. Ákveðið var að hafa grunnbreytur fáar til að tryggja að ekki væri hægt að rekja svör til einstaklinga en sú gagnrýni hafði verið gerð á fyrri kannanir. Þar af leiðandi var ekki leitað eftir upplýsingum um hvers kyns svarandi spurningalista væri né upplýsinga aflað um starfsaldur eða lífaldur viðkomandi eins og gert var árið 2006. Hins vegar er hægt að greina svör eftir skólum bæjarfélagsins, þótt í þessari skýrslu verði sjónum ekki beint að viðhorfum í ólíkum skólum.

3. Niðurstöður

Þátttakendur í könnun voru 238 kennarar í leikskólum Akureyrarbæjar. Grunnbreytur í könnuninni fáar, t.d. var ekki spurt um kyn eða starfsaldur enda talið líklegt að slíkar upplýsingar gætu verið rekjanlegar til þátttakenda.

Þess má geta að hlutfall kennara í leikskólum með full kennsluréttindi eykst sífellt og hlutfall leiðbeinanda minnkar að sama skapi.

Þótt svarhlutfall sé yfirleitt mjög gott hvað varðar flesta þætti könnunar er það að jafnaði tiltekið til frekari glöggvunar á niðurstöðum. Tekið er sérstaklega fram ef breytileiki mælist í svörum eftir skólum en að öðru leyti er samanburður á svörum eftir skólum ekki skýrður.

3.1 Skólinn sem vinnustaður

Í spurningalista var leitað upplýsinga um viðhorf kennara til skólans sem vinnustaðar. Spurt var um ánægju með skólann sem vinnustað, starfsanda í skólanum, samskipti skólustjóra og starfsmanna, samstarf kennara á milli, traust á milli samstarfsmanna og hvort samskipti í skólanum væru opin og hispurslaus (Tafla 1).

Tafla 1. Skólinn sem vinnustaður kennara.

	<i>Svara</i>	<i>Svara ekki</i>	<i>Mjög sammála</i>	<i>Frekar sammála</i>	<i>Frekar ósammála</i>	<i>Mjög ósammála</i>
<i>Ánægja með skólann sem vinnustað</i>	98,7	1,3	74,8	23,1	0,4	0,4
<i>Góður starfsandi er í skólanum</i>	97,5	2,5	50,4	37,8	6,7	2,5
<i>Samskipti skólustjóra og starfsmanna eru góð</i>	96,2	3,8	58,8	33,2	3,8	0,4
<i>Samstarf milli kennara er gott.</i>	95,4	4,6	44,5	44,5	5,0	1,3
<i>Skólinn er framsækinn vinnustaður</i>	96,6	3,4	61,3	31,5	3,4	0,4
<i>Það ríkir traust á milli þín og samstarfsmanna þinna</i>	95,4	4,6	50,0	40,3	2,5	2,5
<i>Samskipti í skólanum eru opin og hispurslaus</i>	95,8	4,2	28,1	54,2	9,7	3,8
	96,5	3,5	52,6	37,8	4,5	1,6

Mikil ánægja virðist meðal kennara með skólann sinn sem vinnustað. Niðurstöður gefa til kynna að samstarf milli kennara sé gott, góður starfsandi ríki í skólanum og það ríki gott traust milli kennara. Svarhlutfall er gott og er það víðast í könnuninni. Athygli vekur helst hér að hátt í fimmtungur svarar ekki eða er ósammála því að samskipti í skólanum séu opin og hispurslaus.

Spurt var nánar um starfsvið kennara og af svörum að dæma eru kennarar almennt sammála um að starfsvið þeirra sé skýrt og vel afmarkað og upplýsingar um starf kennara og stefna skólans í þeim efnum séu aðgengilegar (tafla 2).

Tafla 2. Starf og stefna.

	<i>Svara</i>	<i>Svara ekki</i>	<i>Mjög sammála</i>	<i>Frekar sammála</i>	<i>Frekar ósammála</i>	<i>Mjög ósammála</i>
<i>Starfsvið kennara er skýrt, vel afmarkað og markmið þess ljós</i>	95,8	4,2	59,2	31,5	5,0	0,0
<i>Í skólanámskrá eru aðgengilegar upplýsingar um starf kennara og stefnu skólans</i>	95,8	4,2	63,0	30,3	2,5	0,0
	95,8	4,2	61,1	30,9	3,8	0,0

3.2 Aðbúnaður barna og aðstæður

Í könnuninni voru svarendur beðnir um að taka afstöðu til þess hversu sammála eða ósammála þeir væru fullyrðingum er vörðuðu aðstæður barna í skólanum, líðan þeirra, viðhorf til skólans og þarfir (Tafla 3).

Tafla 3. Viðhorf kennara til aðstæðna barna í skóla.

	<i>Svara</i>	<i>Svara ekki</i>	<i>Mjög sammála</i>	<i>Frekar sammála</i>	<i>Frekar ósammála</i>	<i>Mjög ósammála</i>
<i>Mikil áhersla á jákvæð samskipti starfsfólks og barna.</i>	96,6	3,4	76,5	18,5	1,7	0,0
<i>Kennarar skólans axla sameiginlega ábyrgð gagnvart öllum börnum.</i>	95,8	4,2	45,8	46,2	2,9	0,8
<i>Börnin eru höfð í forgrunni við allar ákvarðanir skólans.</i>	97,5	2,5	53,8	40,3	2,1	1,3
<i>Skólinn leggur mikla áherslu á að starfsfólk sýni börnum gott fordæmi.</i>	97,5	2,5	79,9	16,4	1,3	0,0
<i>Líðan barna í skólanum er góð.</i>	95,0	5,0	73,9	20,2	0,8	0,0
<i>Viðhorf barnanna til skólans er jákvætt.</i>	95,0	5,0	71,4	23,5	0,0	0,0
<i>Kennarinn þekkir einstaklingsbundnar þarfir barna í sinni umsjón eða kennslu.</i>	92,9	7,1	54,2	36,1	2,1	0,4
	95,8	4,2	65,1	28,7	1,6	0,4

Í heild lýsa kennarar sig sammála þeim fullyrðingum sem fram eru settar í þessum þætti. Yfir 95% svarenda er sammála þeim fullyrðingum að skólinn sé góður vinnustaður nemenda, að mikil áhersla sé lögð á jákvæð samskipti starfsfólks og nemenda, að skólinn leggi mikla áherslu á að starfsfólk sýni nemendum gott fordæmi, axli sameiginlega ábyrgð gagnvart öllum börnum, að líðan nemenda í skólanum sé góð og að viðhorf nemenda til

skólans sé jákvætt. Þá eru liðlega 90% svarenda sammála því að kennarinn þekki einstaklingsbundnar þarfir allra nemenda sinna.

3.3 Stjórnun og þátttaka kennara

Leitað var upplýsinga um viðhorf kennara til atriða er vörðuðu stjórnun leikskólans og þátttöku kennara í stjórnunarathöfnum. Kennarar voru beðnir um að taka afstöðu til þess hversu sammála eða ósammála þeir væru því að tíminn á kennara- eða starfsmannafundum væri nýttur til að ræða mikilvæg mál er varða skólastarf, að kennarar væru virkir þátttakendur í að móta starf og stefnu skólanna, að álitamál um stefnu og starfs skólans væru rædd opinskátt, að skólastjórnendur veiti starfinu markvissa forystu, að þekking kennara og reynsla sé nýtt við skipulagningu og framkvæmd skólastarfs og að kennarar eigi hlutdeild í mikilvægum ákvörðunum er varða skólastarfið (Tafla 4).

Tafla 4. Stjórnun og þátttaka kennara.

	Svara	Svara ekki	Mjög sammála	Frekar sammála	Frekar ósammála	Mjög ósammála
Tíminn á kennara- /starfsmannafundum er nýttur til að ræða mikilvæg mál er varða skólastarf.	95,0	5,0	61,8	28,2	4,2	0,8
Kennarar eru virkir þátttakendur í að móta starf og stefnu skólanna.	94,1	5,9	42,4	42,9	8,0	0,8
Álitamál um stefnu og starf skólans eru rædd opinskátt.	95,8	4,2	46,2	42,0	6,7	0,8
Skólastjórnendur veita starfinu markvissa forystu.	95,0	5,0	56,3	35,3	2,9	0,4
	95,0	5,0	51,7	37,1	5,5	0,7

Að meðaltali lýsa tæp 90% kennara sig sammála þeim fullyrðingum er varða stjórnun skólanna, að tími á starfsmannafundum sé vel nýttur til að ræða mikilvæg mál skólastarfs, að álitamál um stefnu og starf séu rædd opinskátt og að skólastjórnendur veiti starfinu markvissa forystu. Kennarar efast helst um að þeir séu virkir þátttakendur í að móta starf og stefnu skólanna – um 15% þátttakenda í könnuninni svara ekki eða eru ósammála því. Eftir sem áður eru sammæli meðal kennara um að þeir séu virkir þátttakendur hvað þetta varðar. Nokkur breytileiki er í svörum eftir skólum hvað áður nefnda þætti varðar og því gæti verið gagnlegt fyrir skólana að fara yfir niðurstöður fyrir sinn skóla.

3.4 Stefna varðandi aga og gætni í meðferð trúnaðarupplýsinga

Í könnuninni var spurt um viðhorf kennara til þess hvort skólar hefðu skýra stefnu varðandi aga, hvort tekið væri á málum af festu og hvort sýnd væri gætni í meðferð trúnaðarupplýsinga (tafla 5).

Tafla 5. Viðhorf kennara til aga og gætni í meðferð trúnaðarupplýsinga.

	<i>Svara</i>	<i>Svara ekki</i>	<i>Mjög sammála</i>	<i>Frekar sammála</i>	<i>Frekar ósammála</i>	<i>Mjög ósammála</i>
<i>Skólinn hefur skýra stefnu varðandi aga.</i>	95,4	4,6	55,9	35,7	3,8	0,0
<i>Tekið er á málum af festu í skólanum.</i>	93,7	6,3	40,3	44,1	6,3	2,9
<i>Í skólanum er sýnd gætni í meðferð trúnaðarupplýsinga.</i>	97,1	2,9	67,6	27,7	0,4	1,3
	95,4	4,6	54,6	35,8	3,5	1,4

Svörun leiðir í ljós þau almennu viðhorf að skólarnir hafi skýra agastefnu og taki á málum sem upp koma af festu. Þá telja kennarar að sýnd sé gætni í meðferð trúnaðarupplýsinga.

3.5 Endurmenntun kennara

Mikilvægur þáttur í hvers konar umbóta- eða þróunarstarfi í skólum er endurmenntun kennara. Leitað var upplýsinga um hvort kennarar teldu sig fá næg tækifæri til endur- og símenntunar (Tafla 6).

Tafla 6. Endur- og símenntun kennara.

	<i>Svara</i>	<i>Svara ekki</i>	<i>Já</i>	<i>Nei</i>
<i>Kennari fær næg tækifæri til endur- og símenntunar.</i>	90,3	9,7	60,5	29,9

Ákveðinnar óvissu virðist gæta meðal kennara um það hvort þeir fái næg tækifæri til endur- og símenntunar en tveir þriðju þeirra er afstöðu tóku svöruðu því þó játandi meðan þriðjungur svaraði neitandi. Svörun er nokkuð breytileg eftir skólum en hlutfall þeirra sem svarar játandi fer þó hvergi niður fyrir 50% mörk. Ef borin eru saman svör úr sambærilegri könnun frá því 2006 og svör nú er afstaða kennara jákvæðari til þessa þáttar nú. Tæpur helmingur taldi sig fá næg tækifæri til endur- og símenntunar í fyrri könnun.

3.6 Innri stuðningur og sjálfsmat skóla

Í spurningalista var spurt um viðhorf kennara til þess hvort þeir ættu kost á ráðgjöf og stuðningi innan skólans þegar á þurfi að halda og viðhorf þeirra til innleiðslu sjálfsmats (Tafla 7).

Tafla 7. Ráðgjöf og sjálfsmat.

	<i>Svara</i>	<i>Svara ekki</i>	<i>Mjög sammála</i>	<i>Frekar sammála</i>	<i>Frekar ósammála</i>	<i>Mjög ósammála</i>
<i>Kennarar eiga kost á ráðgjöf og stuðningi innan skólans þegar á þarf að halda.</i>	94,5	5,5	49,2	37,4	6,7	1,3
<i>Vel hefur tekist til við að innleiða sjálfsmat skólans.</i>	91,2	8,8	23,5	57,1	9,2	1,3
	92,9	7,2	36,4	47,3	8,0	1,3

Hátt í 90% kennara kváðust sammála því að þeir ættu kost á ráðgjöf og stuðningi innan skólans þegar á þarf að halda. Um 80% kennara er svara spurningalista segjast sammála því að vel hafi tekist til við að innleiða sjálfsmat skólans en tæp 9% kennara svaraði þeirri spurningu ekki sem stingur svolítið í stúf miðað við almennt góða svörun.

3.7 Utanaðkomandi þjónusta

Í grunnskólalögum er kveðið á um það að skólum skuli standa til boða sérfræðiþjónusta. Á Akureyri er þjónustan veitt úr tveimur áttum, frá skólateymi fjölskyldudeildar og frá Skólaþróunarsviði Háskólans á Akureyri. Voru kennarar spurðir um það hversu sammála eða ósammála þeir væru því að sérfræðiþjónusta sem skólunum stendur til boða bregðist fljótt við óskum um aðstoð eða ráðgjöf, að kennarar þekki hvaða þjónustu er hægt að sækja til skólateymis fjölskyldudeildar og til skólaþróunarsviðs HA, að þjónusta sem skólateymi og skólaþróunarsvið HA veita sé góð, og hversu sammála eða ósammála þér séu því að þörf sé á meira frumkvæði frá skóladeild og ráðgjafarþjónustu skólanna að nýbreytni og umbótum (Tafla 8 og Tafla 9).

Tafla 8. Utanaðkomandi þjónusta.

	Svara	Svara ekki	Mjög sammála	Frekar sammála	Frekar ósammála	Mjög ósammála
<i>Sérfræðiþjónusta sem skólunum stendur til boða bregst fljótt við óskum um aðstoð eða ráðgjöf.</i>	91,6	8,4	25,2	55,9	9,7	0,8
<i>Samskipti við skóladeild eru góð</i>	91,6	8,4	44,1	46,2	1,3	0,0
<i>Þörf er á meira frumkvæði frá skóladeild og ráðgjafarþjónustu skólanna að nýbreytni og umbótum.</i>	88,2	11,8	13,0	47,5	25,6	2,1
	90,5	9,5	27,4	49,9	12,2	1,0

Kennarar virðast þeirrar skoðunar að sérfræðiþjónusta sem skólunum stendur til boða bregðist fljótt við óskum um aðstoð eða ráðgjöf. Ríflega 80% kennara kveðst sammála því en rúm 19% ósammála. Nær allir sem taka afstöðu til fullyrðingarinnar um að samskipti við skóladeild séu góð eru sammála. Blendin afstaða er meðal kennara til frumkvæðis frá skóladeild og ráðgjafarþjónustu að nýbreytni og umbótum en rúm 60% svarenda kvaðst sammála því að þörf væri á slíku en tæp 30% var því ósammála.

Tafla 9. Viðhorf til þjónustu skóladeildar fjölskyldudeildar og skólaþróunarsviðs HA.

	Svara	Svara ekki	Já	Nei
<i>Ertu ánægð/ur með þjónustu skólateymis fjölskyldudeildar</i>	82,4	17,6	77,7	4,6
<i>Ertu ánægð/ur með þjónustu skólaþróunarsviðs HA</i>	77,3	22,7	73,5	3,8
	79,9	20,2	75,6	4,2

Tæp 80% kennara sem svöruðu er sammála því að þjónusta skólaleymsis sé góð og aðeins tæp 5% eru ósammála því. 17,6% tóku ekki afstöðu. Tæp 75% kennara er sammála því að þjónusta Skólalpróunarsviðs HA sé góð og aðeins tæp 4% að svo sé ekki. 22,7% tóku ekki afstöðu til fullyrðingarinnar. Í báðum tilfellum er hlutfall þeirra sem svara ekki hátt – sérstaklega miðað við almenna svörun í könnuninni.

3.8 Skólastefna sveitarfélags

Spurt var um skólastefnu Akureyrar, hvort kennarar þekktu vel til skólastefnunnar og hvort hún væri höfð að leiðarljósi við skipulag skólstarfs (Tafla 10).

Tafla 10. Skólastefna sveitarfélagsins.

	Svara	Svara ekki	Mjög sammála	Frekar sammála	Frekar ósammála	Mjög ósammála
<i>Kennarar þekkja vel til skólastefnu Akureyrar</i>	96,2	3,8	29,4	55,5	10,9	0,4
<i>Skólastefnan er höfð að leiðarljósi við skipulag skólstarfs.</i>	92,0	8,0	37,0	53,4	1,7	0,0
<i>Sveitarfélagið leggur metnað í að byggja góðan leikskóla</i>	93,7	6,3	30,7	56,7	6,3	0,0
	94,0	6,0	32,4	55,2	6,3	0,1

Tæp 85% eru sammála því að kennarar þekki vel til skólastefnu Akureyrar en rúm 90% telja að skólastefnan sé höfð að leiðarljósi við skipulag skólstarfs – í raun eru aðeins tæp 2% þessu frekar ósammála því 8% svara ekki. Tæp 90% eru sammála því að sveitarfélagið leggi metnað í að byggja góðan leikskóla. Fáir eru ósammála framangreindum fullyrðingum og þar af aðeins einn sem er einni þeirra mjög ósammála.

3.9 Tengsl við foreldra

Mikilvægur þáttur í skólstarfi eru samskipti við foreldra. Þátttakendur í könnuninni voru spurðir um hvort foreldrar sýndu samstarfi við skólann áhuga, hvort samstarfið við foreldra væri ánægjulegt, hvort kennarar vildu sjá meiri þátttöku foreldra í skólstarfinu og hvort aukin þátttaka foreldra í skólstarfi myndi hraða umbótum í leikskólunum (Tafla 11).

Tafla 11. Tengsl við foreldra.

	Svara	Svara ekki	Mjög sammála	Frekar sammála	Frekar ósammála	Mjög ósammála
<i>Foreldrar sýna samstarfi við skólann áhuga.</i>	94,5	5,5	20,6	62,2	11,8	0,0
<i>Samstarfið við foreldra er ánægjulegt.</i>	95,8	4,2	59,2	36,6	0,0	0,0
<i>Kennarar vilja sjá meiri þátttöku foreldra í skólstarfinu.</i>	95,0	5,02	29,4	50,0	15,1	0,4
<i>Aukin þátttaka foreldra í skólstarfi myndi hraða umbótum í leikskólum.</i>	92,9	7,1	31,5	43,3	16,8	1,3
	94,6	5,5	35,2	48,0	10,9	0,4

Í flestum atriðum eru kennarar jákvæðir til þátta er varða samskipti við foreldra. Allir sem svöruðu voru sammála því að samstarfið við foreldra væri ánægjulegt. Tæp 83% kennara voru sammála því að foreldrar sýndu samstarfi við skólann áhuga og tæp 75% kennara sögðust sammála því að þeir vildu sjá meiri þátttöku foreldra í skólasterfinu – og að slík þátttaka myndi hraða umbótum í skólasterfinu. Í svörun mælist nokkur breytileiki á viðhorfum til foreldrasamstarfs eftir skólum og því væri gagnlegt fyrir hvern skóla að greina niðurstöður fyrir sinn skóla betur.

3.10 Einelti hjá kennurum

Á vinnustöðum hefur einelti í ýmsu formi birst í samskiptum milli einstaklinga. Í skóla eru samskipti margbreytileg og kennarar eru í margháttuðum samskiptum. Í spurningalista var spurt um það hvort kennari hefði orðið fyrir einelti innan skóla af hálfu samkennara, stjórnanda eða foreldri (Tafla 12).

Tafla 12. Einelti hjá kennurum.

	Svara	Svara ekki	Já	Nei
<i>Einelti innan skóla af hálfu samkennara.</i>	95,0	5,0	4,6	90,3
<i>Einelti innan skóla af hálfu stjórnanda.</i>	95,8	4,2	1,3	94,5
<i>Einelti af hálfu foreldri.</i>	95,3	4,6	0,8	94,5
	95,4	4,6	2,2	93,1

Um og yfir 90% kennara segja að þeir hafi aldrei orðið fyrir einelti af hálfu samkennara, stjórnanda eða foreldri. Þeir sem telja sig hafa orðið fyrir einelti segja það helst af hálfu samkennara þótt hitt virðist líka til að kennarar upplifi einelti af hálfu stjórnanda eða foreldri.

3.11 Hrós í starfi

Spurt var um hvort kennarar fengju hrós frá stjórnendum, samkennurum eða foreldrum, þegar þeim fyndist þeir eiga það skilið (tafla 13).

Tafla 13. Hrós í starfi.

	Svara	Svara ekki	Já	Nei
<i>Hrós frá stjórnendum þegar kennara finnst hann eiga það skilið.</i>	90,0	10,0	73,9	16,1
<i>Hrós frá samkennurum þegar kennara finnst hann eiga það skilið.</i>	89,0	11,0	76,9	12,2
<i>Hrós frá foreldrum þegar kennara finnst hann eiga það skilið.</i>	87,8	12,2	66,0	21,8
	88,9	11,1	72,3	16,7

Af niðurstöðum að ráða segjast kennarar fá hrós og algengast er að þeir fái það frá samkennum og stjórnendum en síður frá foreldrum. Svarhlutfall er rýrt miðað við marga aðra þætti en þó á bilinu 85–90%.

3.12 Líðan í starfi

Að lokum var spurt um líðan kennara í starfi. Spurt var hvort kennari hefði fundið til vanmáttar í starfi og hvort hann hafi hugleitt að skipta um starfsvettvang síðast liðið ár (Tafla 14).

Tafla 14. Líðan í starfi.

	Svara	Svara ekki	Já	Nei
Hefur kennari fundið til vanmáttar í starfi.	92,4	7,6	48,7	43,7
Hugleiddi kennari að skipta um starf eða starfsvettvang sl. ár.	92,4	7,6	28,6	63,9
Finnst kennara hann hafa í starfi þínu komið mörgu mikilvægu til leiðar	91,2	8,8	83,6	7,6
	92,0	8,0	53,6	38,4

Ríflega helmingur þeirra sem svöruðu kváðu það hafa komið fyrir að þeir fyndu til vanmáttar í starfi og tæpur helmingur kváðu það ekki hafa komið fyrir. Tæpur þriðjungur sögðu að þeir hafi hugleitt að skipta um starf eða starfsvettvang á síðast liðnu ári. Tæp 85% kennara finnst þeir hafa komið mörgu mikilvægu til leiðar í starfi. Aðeins tæp 8% töldu sig ekki hafa gert það.

3.13 Athugasemdir svarenda

Í spurningalista var svarendum boðið upp á að koma á framfæri athugasemdum í tengslum við spurningar er vörðuðu einelti, hrós, líðan kennara og endur- og símenntun þeirra. Jafnframt var þeim gefinn kostur á að gera athugasemdir í lok spurningalista um hvað eina sem þeir vildu koma á framfæri (sjá fylgiskjal). Í nokkrum tilfellum voru gerðar athugasemdir við spurningalistann. Flestir kvörtuðu undan því að ekki var boðið upp á svarmöguleikana „hvorki né“ og „veit ekki“.

Í nokkrum tilfellum var vikið að starfsaðstæðum. Nokkrir höfðu áhyggjur af hversu erfitt væri um afleysingar meðan þeir væru á undirbúningsfundum eða endurmenntunarnámskeiðum og töldu að leysa þyrfti úr því. Einn svarenda orðaði það svo:

Það er erfitt að fá tækifæri til að fara á námskeið eða annað þegar ekki er til starfsfólk til að leysa af.

Annar setti þetta í víðara samhengi:

Mér finnst að vinnustaðurinn minn einkennist af miklum metnaði, en stundum sé ef til vill mæðst í of mörgu. Þó að við ætlum okkur að gera leikskólann okkar eins góðan og mögulegt er má það ekki vera á hlut þess tíma sem við ætlum okkur til að sinna einstaklingunum sem eru í okkar umsjá. Mikill tími fer í fundi og skipulag vegna mikilvægrar þróunarvinnu en mjög oft kostar það að færra starfsfólk er til taks við að sinna börnunum. Mér finnst of oft skapast aðstæður þar sem of mikil streita er bæði

hjá börnum og kennurum. Ekki er gert ráð fyrir afleysingu þegar þessi vinna er í gangi og mér finnst að skóladeildin megi beita sér fyrir því að leikskólar geti bætt starfið sitt án þess að glíma stanslaust við manneklu inni á deildum á meðan.

Í nokkrum tilfellum sögðu kennarar að starfið væri mjög gefandi en jafnframt erilsamt og lýjandi. Margir tjáðu ánægju sína með þann leikskóla sem þeir störfuðu við. Einn svarenda benti á að fólkið í skólanum, börn og starfsfólk, skapar vinnugleði og staðblæ á hverjum stað.

Mikilvæg er að muna alltaf að leikskólinn er fyrir börnin og við erum til staðar fyrir börnin Mikilvægt er að muna að vinnugleði skiptir máli á hverjum vinnustað og það er fólkið sem vinnur þar sem skapar vinnugleðina.

Nokkrir kennarar gerðu athugasemdir við starfsaðstæður sínar. Þessar athugasemdir lutu að húsnæðisaðstöðu, fjölda barna á deild og kjörum.

4. Samantekt og umræða

Mikil ánægja virðist meðal kennara með skólann sinn sem vinnustað. Niðurstöður gefa til kynna að samstarf milli kennara sé gott, góður starfsandi ríki í skólanum og það ríki gott traust milli kennara. Svarhlutfall er gott og er það víðast í könnuninni. Athygli vekur helst að hátt í fimmtungur svarar ekki eða er ósammála því að samskipti í skólanum séu opin og hispurslaus. Ef svörin eru borin saman við könnun frá því 2005–2006 eru þau nokkuð sambærileg hvað alla ofangreinda þætti varðar.

Spurt var nánar um starfsvið kennara og af svörum að dæma eru kennarar almennt sammála um að starfsvið þeirra sé skýrt og vel afmarkað og upplýsingar um starf kennara og stefna skólans í þeim efnum séu aðgengilegar.

Í heild lýsa kennarar sig sammála þeim fullyrðingum sem fram eru settar hvað varðar aðstæður barna í skóla. Yfir 95% svarenda er sammála þeim fullyrðingum að skólinn sé góður vinnustaður nemenda, að mikil áhersla sé lögð á jákvæð samskipti starfsfólks og nemenda, að skólinn leggi mikla áherslu á að starfsfólk sýni nemendum gott fordæmi, axli sameiginlega ábyrgð gagnvart öllum börnum, að líðan nemenda í skólanum sé góð og að viðhorf nemenda til skólans sé jákvætt. Þá eru líðlega 90% svarenda sammála því að kennarinn þekki einstaklingsbundnar þarfir allra nemenda sinna. Svörin eru mjög sambærileg við svör úr könnuninni skólaárið 2005–2006.

Að meðaltali lýsa tæp 90% kennara sig sammála fullyrðingum er varða stjórnun skólanna, að tími á starfsmannafundum sé vel nýttur til að ræða mikilvæg mál skólastarfs, að álitamál um stefnu og starf séu rædd opinskátt og að skólastjórnendur veiti starfinu markvissa forystu. Kennarar efast helst um að þeir séu virkir þátttakendur í að móta starf og stefnu skólanna – um 15% þátttakenda í könnuninni svara ekki eða eru ósammála því. Eftir sem áður eru sammæli meðal kennara um að þeir séu virkir þátttakendur hvað þetta varðar. Ef þessi svör eru borin saman við svör í könnun skólaárið 2005–2006 eru þau nánast samljóða.

Almennt eru kennarar á því að skólarnir hafi skýra agastefnu og taki á málum sem upp koma af festu. Þá telja kennarar að sýnd sé gætni í meðferð trúnaðarupplýsinga.

Ákveðinnar óvissu virðist gæta meðal kennara um það hvort þeir fái næg tækifæri til endur- og símenntunar en um tveir þriðju þeirra sem tóku afstöðu svöruðu því játandi en um þriðjungur neitandi. Ef borin eru saman svör úr sambærilegri könnun frá því skólaárið 2005–2006 og svör nú er afstaða kennara jákvæðari til þessa þáttar núna. Tæpur helmingur taldi sig fá næg tækifæri til endur- og símenntunar í fyrri könnun. Þetta er einn fárra þátta þar sem viðhorfsbreyting mælist á milli kannana og er breytingin afar jákvæð.

Hátt í 90% kennara kváðust sammála því að þeir ættu kost á ráðgjöf og stuðningi innan skólans þegar á þarf að halda. Um 80% kennara sem svara spurningalista segjast sammála því að vel hafi tekist til við að innleiða sjálfsmat skólans en tæp 9% kennara svaraði þeirri spurningu ekki og stingur það lítilliga í stúf miðað við almennt góða svörun. Í könnun sem gerð var skólaárið 2005–2006 var spurt hvort sjálfsmat skólans væri markvisst og töldu um 70% kennara að svo væri en þá merktu líðlega 25% kennara við svarmöguleikann *veit ekki*.

Kennarar virðast þeirrar skoðunar að sérfræðiþjónusta sem skólunum stendur til boða bregðist fljótt við óskum um aðstoð eða ráðgjöf. Ríflega 80% kennara kveðst sammála því en rúm 19% eru ósammála. Nær allir sem tóku afstöðu til fullyrðingarinnar um að samskipti við skóladeild væru góð voru henni sammála. Blendin afstaða var meðal kennara til frumkvæðis frá skóladeild og ráðgjafþjónustu að nýbreytni og umbótum en rúm 60% svarenda kváðst sammála því að þörf væri á slíku en tæp 30% var því ósammála.

Tæp 80% kennara sem svara er sammála því að þjónusta skólateymis sé góð og aðeins tæp 5% því ósammála. 17,6% tóku ekki afstöðu sem er hátt hlutfall miðað við svarhlutfall í könnuninni í heild. Ef borið er saman við sambærilega könnun skólaárið 2005–2006 er afstaðan þó skýrari en rúm 50% starfsmanna þá merkti við svarmöguleikann *veit ekki*. Tæp 75% kennara er sammála því nú að þjónusta Skólaþróunarsviðs HA sé góð og aðeins tæp 4% að svo sé ekki. 22,7% tóku ekki afstöðu til fullyrðingarinnar. Í könnuninni 2005–2006 merkti rúm 60% starfsmanna við svarmöguleikann *veit ekki*. Ekki er hægt að segja að viðhorf til utanaðkomandi þjónustu séu jákvæðari nú en í síðustu könnun því í raun voru fáir ósammála því að þjónustan væri góð, hins vegar var svarhlutfall lágt. Það bendir eindregið til þess að kennarar nú, og ekki síður þá, hafi ekki skýra mynd af utanaðkomandi þjónustu hverju sem sætir. Hugsanlega mætti kynna þjónustuna betur en einnig getur verið að skólarnir séu sjálfum sér nógir hvað þessa þjónustuþætti varðar en það er í sjálfu sér nokkuð jákvætt.

Tæp 85% eru sammála því að kennarar þekki vel til skólastefnu Akureyrar og rúm 90% telja að skólastefnan sé höfð að leiðarljósi við skipulag skólafarfa – í raun eru aðeins tæp 2% þessu frekar ósammála því 8% svara ekki. Tæp 90% eru sammála því að sveitarfélagið leggi metnað í að byggja góðan leikskóla. Fáir eru ósammála framangreindum fullyrðingum og er það í samræmi við könnunina frá því skólaárið 2005–2006 ef aðeins er tekið tillit til þeirra sem tóku afstöðu.

Í flestum atriðum eru kennarar jákvæðir til þátta er varða samskipti við foreldra. Allir sem svöruðu voru sammála því að samstarfið við foreldra væri ánægjulegt og er það í samræmi við könnunina skólaárið 2005–2006. Tæp 83% kennara voru sammála því að foreldrar sýndu samstarfi við skólann áhuga og tæp 75% kennara sögðust sammála því að þeir vildu sjá meiri þátttöku foreldra í skólafarfinu – og að slík þátttaka myndi hraða umbótum í skólafarfinu. Þetta eru svipaðar niðurstöður og í könnuninni 2005–2006 ef tekið er tillit til þeirra sem tóku skýra afstöðu.

Um og yfir 90% kennara segja að þeir hafi aldrei orðið fyrir einelti af hálfu samkennara, stjórnanda eða foreldri og um 5% svara ekki. Þeir sem telja sig hafa orðið fyrir einelti segja það helst af hálfu samkennara þótt hitt virðist líka til að kennarar upplifi einelti af hálfu stjórnanda eða foreldri. Svörin nú eru í samræmi við svör í könnun frá því skólaárið 2005–2006. Þótt þetta sé lágt hlutfall í sjálfu sér er mikilvægt að það komi fram að 11 kennarar sem svara segja að þeir hafi orðið fyrir einelti af hálfu samstarfsmanna.

Af niðurstöðum að ráða segjast kennarar fá hrós og algengast er að þeir fái það frá samkennurum og stjórnendum en síður frá foreldrum. Svarhlutfall er rýrt miðað við marga aðra þætti en þó á bilinu 85–90%. Niðurstöður könnunar nú eru áþekkar niðurstöðum í könnuninni sem var gerð skólaárið 2005–2006.

Ríflega helmingur þeirra sem svöruðu kváðu það hafa komið fyrir að þeir myndu til vanmáttar í starfi og tæpur helmingur kváðu það ekki hafa komið fyrir. Það er hærra hlutfall en í könnuninni frá því skólaárið 2005–2006 en þá var hlutfallið tæp 40%. Tæpur þriðjungur segja nú að þeir hafi hugleitt að skipta um starf eða starfsvettvang á síðast liðnu ári og er það mjög svipað hlutfall og í fyrrnefndri könnun. Tæp 85% kennara finnst þeir hafa komið mörgu mikilvægu til leiðar í starfi. Aðeins tæp 8% töldu sig ekki hafa gert það.

Kennarar áttu þess kost að koma með athugasemdir í lok spurningalista um hvað eina sem þeir vildu koma á framfæri (sjá fylgiskjal). Í nokkrum tilfellum voru gerðar athugasemdir við spurningalistann sjálfan, sérstaklega vegna þess að ekki var boðið upp á svarmöguleikana „hvorki né“ eða „veit ekki“. Í nokkrum tilfellum var vikið að starfsaðstæðum í athugasemdum. Nokkrir höfðu m.a. áhyggjur af hversu erfitt væri um afleysingar meðan þeir væru á undirbúningsfundum eða endurmenntunarnámskeiðum og töldu að leysa þyrfti úr því. Nokkrir athugasemdir lutu að húsnaðisaðstöðu, fjölda barna á deild og kjörum. Í nokkrum tilfellum

sögðu kennarar að starfið væri mjög gefandi en jafnframt erilsamt og lýjandi. Margir tjáðu ánægju sína með þann leikskóla sem þeir störfuðu við.

5. Lokaorð

Könnun á viðhorfi kennara í leikskólum á Akureyri árið 2008 var framkvæmd í samvinnu Skóladeildar Akureyrarbæjar og Skólaþróunarsviðs Háskólans á Akureyri. Megintilgangur könnunarinnar er að fá fram viðhorf kennara og leiðbeinenda í leikskólum bæjarfélagsins til starfs og starfsaðstæðna í leiksskólunum í því skyni að vinna að og hvetja til þróunar og umbóta í starfi skólanna.

Svör kennara eru að einhverju leyti breytileg eftir skólum en í heild tala niðurstöður könnunar mjög skýru máli um viðhorf kennara til skólastarfsins. Þær eru því mjög lýsandi um viðhorf kennara til þeirra þátta sem spurt var um. Þátttaka í könnun var góð og svörunin sýnir mikla ánægju kennara með leikskólann sem vinnustað.